



## Fundargerð

**Svæðisráð austursvæðis - 92. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á skrifstofu í Fellabæ, 6. ágúst 2019, kl. 15:00.**

### Fundinn sátu:

Eyrún Arnardóttir formaður, Sigrún Blöndal varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson svæðisráðsfulltrúi, Þórhallur Þorsteinsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Steingrímur Karlsson fulltrúi ferðaþjónustunnar og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Arnardóttir, formaður.

### 1. Leyfisveitingar og akstur utanvega innan þjóðgarðs - 1908005

*Farið yfir bréf lögfræðings Umhverfis- og auðlindaráðuneytis er varðar leyfisveitingar innan þjóðgarðs.*

*Svæðisráð telur að nauðsynlegt sé að fá ítarlegra álit lögfræðings varðandi leyfisveitingar og mögulegar undanþágur innan þjóðgarðs. Stutt umræða átti sér stað um utanvega akstur hreindýraveiðimanna á sexhjólum en þar gildir reglugerð nr. 528/2005 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 497/2007 samkvæmt 28. grein reglugerðar 608/2008. Óskað er eftir ítarlegri rökstuðningi lögfræðings Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna máls UMH19040024.*

### 2. 10 ára afmæli Snæfellsstofu 2020 - 1908007

*Umræða um 10 ára Snæfellsstofu. Starfsmönnum falið að gera tillögur að viðburðum í tengslum við 10 ára afmæli Snæfellsstofu næsta sumar og óska eftir samstarfi við hagsmunaaðila, stofnanir og svæðisráð.*

### 3. Stjórnarfundur á austursvæði 16. september - 1908008

*Rætt um dagskrá fyrir stjórnarfund á austursvæði.*

### 4. Hvannalindir - 1908006

*Umræða um ástand minja í Hvannalindum og ágang ferðamanna. Starfsmönnum falið að fylgja eftir erindi til Náttúrustofu Austurlands varðandi gróðurvöktun í Hvannalindum. Einnig rætt um samstarf við Landgræðslu og Minjastofnun.*

*Ákveðið að taka málið upp aftur þegar stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er samþykkt.*

### 5. Austursvæði - vegslóðar - 1811001

*Farið yfir ástand slóða almennt á austursvæði. Starfsmönnum falið að fylgja eftir samtali við Vegagerð varðandi veg F909 varðandi viðhald og aðgengi að jökli.*

*Stefnt að því að forgangsraða viðhaldsverkefnum vega og slóða á næsta fundi svæðisráðs. Óskað verður eftir því að fulltrúar Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna mæti.*

Fundi slitið kl. 16:00.